

Mál nr. 217010317
Skjalasafn Ráðhúss
25. apríl 2017
Bréfalykill: 70



Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. apríl 2017
Tilv.: UMH17020004/10-03

Vísað er til bréfs yðar dagsett 1. febrúar 2017 varðandi snjóflóð í hlíðum Esju og þess slyss sem varð þar í janúar sl. þar sem ungur maður lést. Í bréfi yðar er lagt til að auk skoðunar hlutaðeigandi stofnana á atvikinu þá skipi ráðherra nefnd skv. heimild í 8. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í kjölfar erindisins boðaði ráðuneytið til fundar með fulltrúum Reykavíkurborgar og Veðurstofu Íslands og var fundurinn haldinn þann 10. mars sl. hjá Veðurstofu Íslands. Á þeim fundi var m.a. farið yfir lögbundið hlutverk Veðurstofu Íslands varðandi snjóflóðaeftirlit og fyrirkomulag þess eftirlits og önnur verkefni sem stofnunin sinnir á þessu sviði. Jafnframt var fjallað um framangreint slys sem varð í hlíðum Esjunnar.


Veðurstofan hefur það hlutverk að annast snjóflóðaeftirlit í þéttbýli og ákveða rýmingar þegar hætta er talin af snjóflóðum. Snjóathugunarmenn eru í ráðnir á þeim þéttbýlisstöðum þar sem hætta er talin af snjóflóðum og samstarf er við viðkomandi sveitarfélög um rekstur eftirlitskerfisins. Gert hefur verið hættumat fyrir alla þéttbýlisstaði þar sem hætta er talin af snjóflóðum. Þá getur ráðherra ákveðið að gerð verði úttekt á hættu í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Veðurstofan vinnur nú að slíkum úttektum og jafnframt að gerð snjóflóðahættumats fyrir skíðasvæði landsins. Snjóathugunarmenn eru ekki að störfum í dreifbýli og það er á ábyrgð viðkomandi skíðasvæða að annast eftirlit á sínum svæðum.

Veðurstofan hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum til að bæta þekkingu á orsökum snjóflóða og miðlun upplýsinga til almennings. Nú eru birt gögn sem snjóathugunarmenn afla á heimasíðu Veðurstofunnar jafnóðum og þau berast. Einnig er lagt mat á snjóflóðaaðstæður til fjalla á þeim svæðum þar sem tiltæk eru fullnægjandi gögn til þess. Þetta mat til fjalla er ekki nákvæm spá og breytileiki innan hvers svæðis getur verið mikill. Þau svæði sem um ræðir eru norðaverðir Vestfirðir, utanverður Tröllaskagi og Mið-Austfirðir. Um þróunarverkefni er að ræða en ekki lögbundið hlutverk Veðurstofunnar. Í ljósi mikillar aukningar í fjallamennsku að vetrarlagi telur Veðurstofan æskilegt að slíkt mat næði til fleiri svæða en að ofan greinir, en í dag eru ekki forsendur til þess með hliðsjón af starfssvæðum snjóathugunarmanna.


Á fundinum kom fram að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn slyssins sem í

hlíðum Esjunnar. Jafnframt kom fram að Veðurstofan hefur tekið saman gögn um málið eins og hefðbunið er við kortlagningu snjóflóða en mun ekki ljúka sinni vinnu fyrr en að lögreglan hefur lokið rannsókn sinni á málinu. Með hliðsjón af þeirri rannsókn sem nú er unnið að vegna framangreinds slyss telur ráðuneytið ekki tilefni til þess að ráðherra skipi sérstaka nefnd á grundvelli laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Fyrir hönd ráðherra



Sigfíður Auður Arnardóttir



Hafsteinn Pálsson